

Fundargerð 322. fundar sveitarstjórnar Flóahrepps

Fundarstaður: Þingborg og í beinu streymi
Fundardagur: fimmtudagur 26. júní 2025
Fundartími: 9:00-
Fundarmenn: Árni Eiríksson, oddviti
Hulda Kristjánsdóttir, sveitarstjóri
Walter Fannar Kristjánsson
Harpa Magnúsdóttir
Hjalti Guðmundsson

Árni Eiríksson oddviti setti fund, bauð fundargesti velkomna og leitaði athugasemda við fundarboð. Engar athugasemdir gerðar. Hulda Kristjánsdóttir ritaði fundargerð.

1. Fundargerðir skipulagsnefndar

Nr. 304, dags. 13.06.2025:

- a) **Stóra-Ármót L166274; Stækkun íbúðarbyggðar; Aðalskipulagsbreyting - 2408030**
Lögð er fram tillaga aðalskipulagsbreytingar, eftir auglýsingu, vegna aðalskipulags Flóahrepps 2017-2029 í samræmi við 1. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Svæðið sem breytingin nær til er úr landi Stóra-Ármóts L166274. Áætlað er að stækka 9 ha íbúðarbyggð um 4 ha og fjölga lóðum úr 7 í 10, um 1,3 ha hver lóð. Svæðið er skilgreint sem íbúðarbyggðarsvæði ÍB4 í gildandi aðalskipulagi. Landbúnaðarland minnkar sem nemur breytingunni. Nýtt deiliskipulag er lagt fram til samþykktar samhliða breytingu aðalskipulags. Umsagnir bárust á auglýsingatíma og eru þær lagðar fram við afgreiðslu málsins.
Skipulagsnefnd UTU mælist til þess við sveitarstjórn Flóahrepps að samþykkja breytingu á aðalskipulagi eftir auglýsingu. Engar athugasemdir bárust á auglýsingatíma skipulagsbreytingarinnar og er að mati skipulagsnefndar með fullnægjandi hætti tekið tillit til umsagnar innan gagna breytingarinnar og innan deiliskipulags sem hefur verið samþykkt eftir auglýsingu sem tekur til sama svæðis. Nefndin mælist til þess við sveitarstjórn að óskað verði eftir því við Skipulagsstofnun að aðalskipulagsbreytingin taki gildi með birtingu auglýsingar í B-deild Stjórnartíðinda í samræmi við 3. mgr. 32. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Sveitarstjórn Flóahrepps samþykkir framlagða tillögu aðalskipulagsbreytingar, eftir auglýsingu, vegna aðalskipulags Flóahrepps 2017-2029 í samræmi við 1. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og óskar eftir því því við Skipulagsstofnun að aðalskipulagsbreytingin taki gildi með birtingu auglýsingar í B-deild Stjórnartíðinda í samræmi við 3. mgr. 32. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.


Engar athugasemdir bárust á auglýsingatíma skipulagsbreytingarinnar og er að mati sveitarstjórnar með fullnægjandi hætti tekið tillit til umsagnar innan gagna breytingarinnar og innan deiliskipulags sem hefur verið samþykkt eftir auglýsingu sem tekur til sama svæðis. Svæðið sem breytingin nær til er úr landi Stóra-Ármóts L166274.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

- b) **Súluholt L166385; Súluholt 2D, 2E, 2F 4 og Súluholt Tungur; Stofnun lóða - 2506020**

Lögð er fram umsókn ásamt undirritaðri merkjalýsingu dags. 28.05.2025, skv. reglugerð um merki fasteigna 160/2024, er varðar stofnun nýrra landeigna. Óskað er eftir að stofna 5 lóðir úr landi Súluholts L166385. Þrjár þeirra, Súluholt 2D, 2E og 4, eru undir þegar byggð mannvirki. Engin mannvirki eru innan Súluholt 2F og Súluholt Tungur.

Skipulagsnefnd UTU gerir ekki athugasemd við stofnun lóðanna skv. framlagðri merkjalýsingu. Skipulagsnefnd mælist til að sveitarstjórn Flóahrepps samþykki erindið. Skipulagsnefnd UTU bendir á að framkvæmdir innan lóðar eru að jafnaði háðar gerð deiliskipulags sem tekur til svæðisins.



Sveitarstjórn Flóahrepps samþykkir stofnun 5 lóða úr landi Súluholts L166385 skv. framlagðri merkjalýsingu. Sveitarstjórn bendir á að framkvæmdir innan lóðar eru að jafnaði háðar gerð deiliskipulags sem tekur til svæðisins.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

Nr. 305, dags. 25.06.2025:

a) Skálmholt land C1 L219652; Skipting lóðar; Fyrirspurn – 2506032

Lögð er fram fyrirspurn sem tekur til Skálmholts lands C1 L219652 í Flóahreppi. Fyrirhugað er að skipta lóðinni sem er 9.5 ha að stærð í þrennt og byggja allt að 175 fm einbýlishús og 100 fm skemmu á hverri lóð.

Sambærileg fyrirspurn var lögð fram sem tekur til Skálmholts land C sem afgreidd var í sveitarstjórn í lok maí þar sem ekki var gerð athugasemd við uppskiptinug lands C í tvær lóðir. Í bókun sveitarstjórnar vegna málsins var landeigandi hvattur til að vinna deiliskipulag sem tekur til landsins í heild sem tekur m.a. til skilgreiningar á lóðum, byggingarreitum, vatnsöflun, fráveitu, minjaskráningu, aðkomu og almennra byggingarheimilda innan svæðisins. Nefndin gerir ekki athugasemdir við framlagða fyrirspurn en mælist þó til þess við sveitarstjórn Flóahrepps að krafa verði gerð um að uppbygging á svæðinu verði háð því að svæðið í heild þ.e. land Skálmholts A, B, C og D verði deiliskipulagt í einu lagi eða að öðrum kosti verði horft til svæðisins í heild þegar unnið verði að stakstæðum skipulagsáætlunum innan þess. Við heildarendurskoðun aðalskipulags telur nefndin jafnframt ástæðu til að taka afstöðu til þess hvort landnotkun landsins í formi landbúnaðarlands samræmist áætlunum landeiganda um uppskiptingu landsins eða hvort að eðlilegra væri að skilgreina landið sem íbúðabyggð. Landið sem um ræðir flokkast ýmist til landbúnaðarlands í flokki II eða III. Nokkrar takmarkanir eru á uppbyggingu á landbúnaðarlandi í flokki II samkvæmt stefnumörkun aðalskipulags og þarf því að horfa til þess við skipulagningu landsins að hugsanleg landbúnaðarnýting þess verði ekki skert innan deiliskipulags eða með breytingum á aðalskipulagi.

Sveitarstjórn Flóahrepps gerir ekki athugasemdir við framlagða fyrirspurn sem tekur til Skálmholts land C1 L219652. Í fyrirspurn er tekið fram að fyrirhugað er að skipta lóðinni sem er 9.5 ha að stærð í þrennt og byggja allt að 175 fm einbýlishús og 100 fm skemmu á hverri lóð. Í ljósi þess að sambærileg fyrirspurn var afgreidd af sveitarstjórn 20.05.2025 vegna Skálmholts land C L219650 þá gerir sveitarstjórn kröfu um að uppbygging á svæðinu verði háð því að svæðið í heild þ.e. land Skálmholts A, B, C og D verði deiliskipulagt í einu lagi eða að öðrum kosti verði horft til svæðisins í heild þegar unnið verði að stakstæðum skipulagsáætlunum innan þess. Við heildarendurskoðun aðalskipulags telur sveitarstjórn jafnframt ástæðu til að taka afstöðu til þess hvort landnotkun landsins í formi landbúnaðarlands samræmist áætlunum landeiganda um uppskiptingu landsins eða hvort að eðlilegra væri að skilgreina landið sem íbúðabyggð. Landið sem um ræðir flokkast ýmist til landbúnaðarlands í flokki II eða III. Nokkrar takmarkanir eru á uppbyggingu á landbúnaðarlandi í flokki II samkvæmt stefnumörkun aðalskipulags og þarf því að horfa til þess við skipulagningu landsins að hugsanleg landbúnaðarnýting þess verði ekki skert innan deiliskipulags eða með breytingum á aðalskipulagi.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

b) Loftstaðir-Vestri L165512; byggingarheimild; skemma – 2503060

Erindi sett að nýju fyrir fund. Móttekin var umsókn þann 16.01.2025 um byggingarheimild fyrir 250 fm skemmu á jörðinni Loftstaðir-Vestri L165512 í Flóahreppi. Athugasemdir bárust við grenndarkynningu og er málið því lagt fram að nýju eftir grenndarkynningu ásamt uppfærðum gögnum og umsögn MÍ vegna könnunarskurða sem mokaðir voru á staðnum.

Skipulagsnefnd UTU tekur undir áhyggjur og athugasemdir nágranna er varðar hugsanlega skerðingu á útsýni frá íbúðarhúsi að Eystri-Loftsstöðum 2 auk þess sem Minjastofnun telur ástæðu til að finna skemmunni annan stað út frá mannvistarleyfum sem finna má á svæðinu sem um ræðir í takt við umsögn þess efnis. Að mati nefndarinnar er nægt landrými innan jarðar Loftstaða-Vestri til að byggja umsóttu skemmu án þess að nágrannar þurfi að verða fyrir grenndaráhrifum eða raska þurfi minjasvæðum. Auk þess

bendir nefndin á að staðsetning hússins er á úrvals landbúnaðarlandi. Mælist nefndin til þess við sveitarstjórn Flóahrepps að byggingarheimild verði synjað í núverandi mynd.

Sveitarstjórn Flóahrepps synjar byggingarheimild fyrir 250 fm skemmu á jörðinni Loftsstaðir-Vestri L165512 í núverandi mynd. Sveitarstjórn tekur undir áhyggjur og athugasemdir nágranna er varðar hugsanlega skerðingu á útsýni frá íbúðarhúsi að Eystri-Loftsstöðum 2 auk þess sem Minjastofnun telur ástæðu til að finna skemmumni annan stað út frá mannvistarleyfum sem finna má á svæðinu sem um ræðir í takt við umsögn þess efnis. Sveitarstjórn telur vera nægt landrými innan jarðar Loftsstaða-Vestri til að byggja umsóttu skemmu án þess að nágrannar þurfi að verða fyrir grenndaráhrifum eða raska þurfi minjasvæðum. Auk þess bendir sveitarstjórn á að staðsetning hússins er á úrvals landbúnaðarlandi.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

c) Hnaus 2 L225132; Mosató 3 L225133; Breytt byggingamagn og ný lóð; Deiliskipulagsbreyting – 2506071

Lögð er fram tillaga óverulegrar breytingar á deiliskipulagi fyrir Hnaus 2 L192333 í Flóahreppi. Í breytingunni felst að byggingarreit innan lóðar Mosató 3 L225133 er hnikað til, smáhýsi eru felld út innan lóðar og byggingarmagn eykst en það er að stærstum hluta neðanjarðar og ekki sýnileg bygging. Einnig bætist við ný lóð, Mosató 10 þar sem gert er ráð fyrir allt að 500 fm íbúðarhúsi á tveimur hæðum.

Að mati skipulagsnefndar fellur ný lóð Mosatóar 10 innan skilgreinds skógræktarsvæðis samkvæmt aðalskipulagi. Að mati nefndarinnar er tillagan því ekki í samræmi við stefnumörkun aðalskipulags eða óverulega breytingu aðalskipulags sem nú er í ferli á svæðinu. Mælist nefndin til þess við sveitarstjórn að afgreiðslu málsins verði frestað. Að mati nefndarinnar er ástæða til að taka skipulag svæðisins til heildarendurskoðunar með þeim hætti að nýtt deiliskipulag verði unnið sem taki til verslunar- og þjónustusvæðis að Mosató 3. Samhliða þurfi að taka til skoðunar hvort að þörfer á verulegri breytingu á aðalskipulagi Flóahrepps sem tekur til verslunar- og þjónustusvæðis, skógræktarsvæða og íbúðar- og frístundasvæða.

Sveitarstjórn Flóahrepps samþykkir að fresta afgreiðslu framlagðrar tillögu óverulegrar breytingar á deiliskipulagi fyrir Hnaus 2 L192333 þar sem ný lóð Mosatóar 10 fellur að mati sveitarstjórnar innan skilgreinds skógræktarsvæðis skv. aðalskipulagi sveitarfélagsins. Sveitarstjórn felur skipulagsfulltrúa að vinna málið áfram með landeigendum.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

d) Eystri-Loftsstaðir L2277151; Íbúðarhús og útihús; Deiliskipulag – 2411042

Lögð er fram tillaga að nýju deiliskipulagi sem tekur til Eystri-Loftsstaða 6 L227151 í Flóahreppi. Í deiliskipulaginu felst að 6.395 fm byggingarreitur er skilgreindur. Þar er heimilt að reisa íbúðarhús og tvö aukahús s.s. gróðurhús og hesthús/geymslu/skemmu. Einnig er heimilt að reisa 3 lítill útleiguhús sem eru 35-40 fm hvert, fyrir allt að 10 gesti. Byggingarmagn á lóðinni má vera allt að 800 fm. Aðkoma er frá Villingaholtsvegi nr. 305 og verður lagður vegur að lóðinni á milli lóðanna Fornabæjar og Eystri-Loftsstaða 8. Skipulagsnefnd UTU mælist til þess við sveitarstjórn Flóahrepps að deiliskipulagið verði samþykkt og að það verði auglýst á grundvelli 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 þar sem allar meginforsendur liggi fyrir innan aðalskipulags sveitarfélagsins. Framlagt deiliskipulag verði sérstaklega kynnt lóðarhöfum aðliggjandi landeigna.

Sveitarstjórn Flóahrepps samþykkir framlagt deiliskipulag sem tekur til Eystri-Loftsstaða 6 L227151 og að það verði auglýst á grundvelli 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 þar sem allar meginforsendur liggi fyrir innan aðalskipulags sveitarfélagsins. Framlagt deiliskipulag verði sérstaklega kynnt lóðarhöfum aðliggjandi landeigna.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

e) Súluholt L166385; Efnistaka; Framkvæmdarleyfi - 2506070

Lögð er fram umsókn um framkvæmdaleyfi sem tekur til Súluholts L166385 í Flóahreppi. Í framkvæmdinni felst grjótnám í Súluholtsnámu til að nota við nýja Ölfusárbrú og

vegagerð því tengt. Fyrirhugað er að taka grjót á tveimur stöðum í námunni, um 50.000 m³ á hvorum stað.

Skipulagsnefnd UTU mælist til þess við sveitarstjórn Flóahrepps að útgáfa framkvæmdaleyfis fyrir efnistöku að 50.000 m³ innan námu E13 verði samþykkt á grundvelli 13. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Að mati skipulagsnefndar er ekki heimild fyrir meiri efnistöku á svæðinu en sem nemur 50.000 m³ samkvæmt stefnumörkun aðalskipulags. Mælist nefndin til þess að námuhafa verði gert að hefja vinnu við stækkun og endurskoðun efnistöku og efnislosunarsvæðisins í aðalskipulagi Flóahrepps vegna áframhaldandi efnistöku og efnisflutnings inn á svæðið. Samhliða mælist nefndin til þess að unnin verði tilkynningarskýrsla á grundvelli laga nr. 111/2021 vegna mats á umhverfisáhrifum sem tekur til framtíðaráætlana um efnistöku- og efnislosun á svæðinu. Ef þær áætlanir gera ráð fyrir því að raska 25 ha svæði eða stærra og/eða ef efnismagn fer yfir 500.000 m³ telst efnistakan sjálfkrafa háð mati á umhverfisáhrifum.

Sveitarstjórn Flóahrepps samþykkir útgáfu framkvæmdaleyfis fyrir efnistöku allt að 50.000 m³ innan námu E13 á grundvelli 13. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 með eftirfarandi fyrirvörum og skilyrðum:

- Efnistaka er heimil innan svæðisins allt að 50.000 m³. Efnistaka umfram það samræmist ekki stefnumörkun aðalskipulags sveitarfélagsins.
- Umsögn Vegagerðarinnar skal liggja fyrir vegna aukins álags og áhrifa þungaflutninga á Önundarholtsveg nr 311 og vegna vegtenginga námunnar við veginn.
- Framkvæmdaaðili skal leggja fram tímasetta áætlun um efnistöku og gera grein fyrir lokun námunnar að henni lokinni.
- Framkvæmdaaðila verði gert að halda Önundarholtsvegi nr. 311, sem liggur frá Gaulverjabæjarvegi (33-01) að efnistökusvæðinu, í sambærilegu ástandi og hann er í dag og sinna viðeigandi viðhaldi á honum í eðlilegu samráði við Vegagerðina á meðan á efnistöku stendur, umfram það sem getur talist eðlilegt slit vegna daglegrar umferðar um veginn. Horfa skuli til yfirborðs vegar og rykbindingar framhjá íbúðarhúsum við veginn til að takmarka rykmengun og óþægindi vegna starfseminnar.
- Framkvæmdaaðila verði sett skilyrði um eðlilegan daglegan starfstíma við efnistöku til að takmarka ónæði og óþægindi íbúa sem búa í nálægð við efnistökusvæðið.
- Eftir að efnistöku er lokið verði svæðinu lokað með viðeigandi hætti, nánar verði gert grein fyrir því innan áætlunar framkvæmdaaðila um efnistöku og lokun námunnar að henni lokinni.
- Geymsla mengandi efna s.s. olfu, umfram það sem er á vélum tengdum efnistökunni hverju sinni er óheimil innan svæðisins.
- Geymsla annars tækjabúnaðar en þess sem tengist efnistökunni er óheimil innan svæðisins.

Sveitarstjórn ítrekar að framkvæmdaleyfið skuli eingöngu ná til efnistöku allt að 50.000 m³ og fellst því ekki á efnistöku á tveimur stöðum í námunni, um 50.000 m³ á hvorum stað eins og sótt er um. Sveitarstjórn beinir þeim tilmælum til námuhafa að hefja vinnu við stækkun og endurskoðun efnistöku og efnislosunarsvæðisins í aðalskipulagi Flóahrepps vegna áframhaldandi efnistöku og efnisflutnings inn á svæðið. Samhliða verði unnin tilkynningarskýrsla á grundvelli laga nr. 111/2021 vegna mats á umhverfisáhrifum sem tekur til framtíðaráætlana um efnistöku- og efnislosun á svæðinu. Ef þær áætlanir gera ráð fyrir því að raska 25 ha svæði eða stærra og/eða ef efnismagn fer yfir 500.000 m³ telst efnistakan sjálfkrafa háð mati á umhverfisáhrifum.

Sveitarstjórn felur skipulagsfulltrúa jafnframt að skoða við vinnslu málsins hvort skilgreind náma E13 í aðalskipulagi liggja beggja vegna Önundarholtsvegar nr. 311. Ekki er um sama landnúmer að ræða eða sömu landeigendur.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

- f) **Hnaus 2 L192333; Mosató 7 L232388 og Mosató 8 L232289; Rekstrarleyfi í flokki II; Deiliskipulagsbreyting – 2504076**

Lögð er fram, eftir grenndarkynningu, umsókn sem tekur til breytinga á skilmálum deiliskipulags fyrir Hnaus 2, fristundabyggð. Í breytingunni felst að heimilt verði að

stunda rekstrarleyfisskylda útleigu í flokki II innan svæðisins. Athugasemdir bárust við grenndarkynningu og eru þær lagðar fram við afgreiðslu málsins.
Í ljósi framlagðra athugasemda sem bárust frá aðilum innan skipulagssvæðisins mælist nefndin til þess við sveitarstjórn Flóahrepps að breytingu á deiliskipulagi eftir grenndarkynningu verði synjað.

Sveitarstjórn Flóahrepps synjar umsókn um breytingu á skilmálum deiliskipulags fyrir Hnaus 2, frístundabyggð þar sem sótt er um að heimilt verði að stunda rekstrarleyfisskylda útleigu í flokki II innan svæðisins. Synjun sveitarstjórnar byggist á athugasemdum frá aðilum innan skipulagssvæðisins er bárust við grenndarkynningu málsins.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

g) Ferjunes 2 land 2 L213234; Ferjunes 4; Stofnun lóðar - 2501072

Lögð er fram umsókn ásamt merkjalýsingu dags. 19.06.2025, skv. reglugerð um merki fasteigna 160/2024, er varðar stofnun nýrrar landeignar. Óskað er eftir að stofna 892,9 fm lóð, Ferjunes 4, úr landi Ferjunes 2 land 2 L213234. Aðkoma er frá innkeyrslu upprunals eins og sýnd er í meðfylgjandi merkjalýsingu.

Skipulagsnefnd UTU gerir ekki athugasemd við afmörkun lóðarinnar skv. framlagðri merkjalýsingu. Skipulagsnefnd mælist til að sveitarstjórn Flóahrepps samþykki erindið. Skipulagsnefnd UTU bendir á að framkvæmdir innan lóðar eru að jafnaði háðar gerð deiliskipulags sem tekur til svæðisins.

Sveitarstjórn Flóahrepps samþykkir stofnun nýrrar landeignar skv. framlagðri merkjalýsingu. Um er að ræða 892,9 fm lóð, Ferjunes 4, úr landi ferjunes 2 land L213234. Sveitarstjórn bendir á að framkvæmdir innan lóðar eru að jafnaði háðar gerð deiliskipulags sem tekur til svæðisins.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

2. Afgreiðslur byggingarfulltrúa nr. 228, dags. 04.06.2025 og nr. 229, dags. 18.06.2025
Lagðar fram til kynningar.

3. Erindi frá Tónlistarskóla Árnesinga - Ósk um fjölgun kennslustunda frá ágúst 2025
Fyrir liggur erindi frá á Tónlistarskóla Árnesinga þar sem óskað er eftir aukinni tónlistarkennslu í Flóahreppi frá ágúst 2025. Óskað er eftir því að kennslustundum í Flóahreppi fjölgi um 3-4 klst á viku til viðbótar þeirri aukningu sem sveitarstjórn samþykkti í janúar 2025. Aðeins er greitt fyrir þær kennslustundir sem nýtast. Sveitarstjórn Flóahrepps samþykkir að auka vikulegar kennslustundir hjá Flóahreppi um allt að 4 klst. á viku ef á þarf að halda á árinu eða allt að 27,5 kennslustundir á viku. Brugðist verði við með viðauka við fjárhagsáætlun eins og við á.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

4. Erindi frá Félagi atvinnurekenda

Fyrir liggur erindi frá Félagi atvinnurekenda sem sent var á sveitarstjórnir í landinu og stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga. Í erindinu eru sveitarfélög hvött til að lækka álagningarprósentu fasteignaskatta á atvinnuhúsnæði. Einnig fylgir erindinu skýrsla starfshóps sem gerði úttekt á grunni álagningar á fasteignir með það að markmiði að leita leiða til að einfalda og bæta kerfið og auka fyrirsjáanleika án þess að draga úr tekjum sveitarfélaga. Sveitarstjórn Flóahrepps þakkar innsent erindi og vísar því til vinnslu fjárhagsáætlunar ársins 2026.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

5. Fundargerðir

a) Sveitarstjórnar Flóahrepps nr. 321, dags. 03.06.2025

b) Fræðslunefndar Flóahrepps nr. 159, dags. 27.05.2025

Varðandi lið 5 um skóladagatöl Flóaskóla og Krakkaborgar þá gerir sveitarstjórn athugasemd við að á leikskóladagatali Krakkaborgar eru skráningardagar á Þorláksmessu, daginn eftir sumardaginn fyrsta og daginn eftir uppstigningardag og er það ekki í samræmi við bókun sveitarstjórnar frá 07.05.2024 varðandi ákvörðun um skráningardaga í leikskólanum og ekki liggur fyrir formlegt samþykki sveitarstjórnar fyrir dögnum. Sveitarstjórn samþykkir leikskóladagatal með þeim fyrirvara að þessir þrír ofangreindu skráningardagar verði teknir út.

Að öðru leiti gerir sveitarstjórn ekki athugasemdir við skóladagatöl leik- og grunnskóla.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

Varðandi lið 8 um skólaakstur 2025-2026 þá tekur sveitarstjórn undir ábendingar um samgöngur sem skólabílstjórar hafa komið með og fræðslunefnd tekur undir. Sveitarfélagið á í miklum samskiptum við Vegagerðina og varðandi ýmsa þætti sem snúa að ástandi vegakerfisins og öryggismála. Sveitarstjórn felur sveitarstjóra að koma ábendingum skólabílstjóra og fræðslunefnd áfram á Vegagerðina.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

- c) Aðalfundar Flóaáveitunnar dags. 03.06.2025 ásamt ársreikningum 2022, 2023 og 2024
 - d) Stjórnar samtaka orkusveitarfélaga nr. 85, dags. 19.05.2025 og nr. 86, dags. 23.05.2025
 - e) Stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga nr. 980, dags. 27.05.2025, nr. 981, dags. 13.06.2025 og nr. 982, dags. 16.06.2025
 - f) Ársfundar Brákar íbúðafélags hses. dags. 11.06.2025
 - g) Framkvæmdastjórnar Héraðsnefndar Árnesinga nr. 30, dags. 22.04.2025 og nr. 31 dags. 03.06.2025
 - h) Samráðsfundar Vegagerðarinnar og Flóahrepps dags. 27.05.2025
 - i) Flóahrepps og Vegagerðarinnar vegna hringvegar (1) Þjórásá-Selfoss dags. 22.05.2025
6. Efni til kynningar
- a) Hreinsunardagar 12.-17. maí - kostnaður Flóahrepps
 - b) Frá Vinum íslenskrar náttúru - Skipulag skógræktar - leiðbeiningar um val á landi til skógræktar
 - c) Frá Stjórn Samtaka orkusveitarfélaga - Umsögn um áform um skattlagningu orkumannvirkja
 - d) Mennta- og barnamálaráðuneytinu - Auglýst eftir umsóknum frá sveitarfélögum um styrki í þágu farsældar barna
 - e) Frá Mennta- og barnamálaráðuneytinu - Samkomulag milli ríkisins og sveitarfélaga um ábyrgð á rekstri og kostnaði vegna búsetu barna með fjölpættan vanda sem vistuð eru utan heimilis
 - f) Frá Húsnæðis- og mannvirkjastofnun - Opið fyrir umsóknir um stofnframlög
 - g) Frá Eignarhaldsfélagi Suðurlands hf. - Aðalfundur 4. júlí 2025
 - h) Frá Innviðaráðuneytinu - Innviðaðing 28. ágúst 2025
 - i) Næsti fundur sveitarstjórnar verður þriðjudaginn 15. júlí kl. 9:00 í Þingborg en á 321. fundi sveitarstjórnar samþykkti sveitarstjórn að fella niður reglulegan fund 1. júlí.

Arni Eiríksson (sign)

Walter Fannar Kristjánsson (sign)

Hjalti Guðmundsson (sign)

Hulda Kristjánsdóttir (sign)

Harpa Magnúsdóttir (sign)

Arni Eiríksson
Harpa Magnúsdóttir
Hjalti Guðmundsson
Hulda Kristjánsdóttir
Walter Fannar Kristjánsson

**Stjórn byggðasamlags UTU - 123. fundur
haldinn á Teams, miðvikudaginn 25. júní 2025
og hófst hann kl. 10:30**

Fundinn sátu:

Helgi Kjartansson, Walter Fannar Kristjánsson, Ása Valdís Árnadóttir, Jón Bjarnason, Haraldur Þór Jónsson, Ísleifur Jónasson og Nanna Jónsdóttir skrifstofustjóri.

Fundargerð ritaði: Nanna Jónsdóttir, skrifstofustjóri.

Dagskrá:

1. Staða skipulagsfulltrúa, ráðningarferli

Á 121. fundi stjórnar var skrifstofustjóri og formanni falið að fá ráðgjafafyrirtæki til að auglýsa stöðu skipulagsfulltrúa. Hagvangur var fenginn í verkið og auglýsti stöðu skipulagsfulltrúa lausa til umsókna 9. maí sl. og rann umsóknarfrestur út 9. jún. sl. Sjö einstaklingar sóttu um stöðuna og nú hafa tveir af þeim verið teknir í viðtal, lagt fram minnisblað frá Hagvangi þar um.

Stjórn samþykkir að fela skrifstofustjóra, formanni og Ásu Valdísi að vinna málið áfram og taka annað viðtal í samstarfi við Hagvang.

2. Fyrirspurn frá trúnaðarmanni UTU

Lögð fram fyrirspurn frá trúnaðarmanni starfsmanna UTU vegna styttingar vinnuvikunnar.

Stjórn samþykkir að fela skrifstofustjóra og formanni að vinna málið áfram.

3. Dreifingarsvæði á Hrunamannafrétt, girðingarmál

Fyrir fundinn lág fyrir minnisblað og tilboð í girðingu á Hrunamannafrétt þar sem seyrur er dreift á.

Stjórn samþykkir fyrirbyggjandi tilboð í girðingu og tillögu, að girtir verði í kringum tveir kílómetrar af girðingu eða um 100 ha svæði sem liggur að gamla svæðinu. Gert er ráð fyrir að nýja girðingin verði fimm strengja netgirðing með járnstaurum, gaddavír ofan og neðan við netið. Fjögur hlið verða á girðingunni til að auðvelda verktaka að komast inn á mismunandi stöðum til að dreifa á. Skrifstofustjóri falið að vinna málið áfram í samstarfi við oddvita Hrunamannahrepps ásamt því að vinna drög að samning við Hrunamannahrepp um afnot af dreifingarsvæðinu.

Samþykkt samhljóða.

4. Afgreiðslur aðildarsveitarfélaganna á 2. dagskrárlið frá 122. fundi stjórnar

Lagðar fram til kynningar bókanir aðildarsveitarfélaga UTU vegna tillögu um samþykktarbreytingar sem lögð var fram á 122. fundi stjórnar UTU. Fimm af sex sveitarfélögum tóku jákvætt í tillögunum en Hrunamannahreppur hafnaði tillögunni og ítrekar ósk sína um að fá heimild til að starfrækja sína eigin skipulagsnefnd án þess að þurfa að hverfa úr UTU.


Lagt fram til kynningar.

123. fundur Stjórnar byggðasamlags UTU
25.06.2025

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 12:29.


Undirritunarsíða

Formaður
Haraldur Þór Jónsson




Undirritað af:
Haraldur Þór Jónsson
2705765089
Dags: 26.06.2025
Tími: 15:24:48
Ástæða: Samþykkt
Signet ID: f24afe6d-82bb-420c-a7d6-601c0a495fff

Varaformaður
Helgi Kjartansson




Undirritað af:
Helgi Kjartansson
0211715499
Dags: 01.07.2025
Tími: 14:17:04
Ástæða: Samþykkt
Signet ID: f24afe6d-82bb-420c-a7d6-601c0a495fff

Aðalmaður
Ísleifur Jónasson




Undirritað af:
Ísleifur Jónasson
1205754309
Dags: 26.06.2025
Tími: 16:07:03
Ástæða: Samþykkt
Signet ID: f24afe6d-82bb-420c-a7d6-601c0a495fff

Aðalmaður
Jón Bjarnason




Undirritað af:
Jón Bjarnason
2501932629
Dags: 05.07.2025
Tími: 01:00:30
Ástæða: Samþykkt
Signet ID: f24afe6d-82bb-420c-a7d6-601c0a495fff

Aðalmaður
Walter Fannar Kristjánsson



Undirritað af:
Walter Fannar
Kristjánsson
0609892229
Dags: 26.06.2025
Tími: 15:19:40
Ástæða: Samþykkt
Signet ID: f24afe6d-82bb-420c-a7d6-601c0a495fff

Aðalmaður
Ása Valdís Árnadóttir



Undirritað af:
Ása Valdís Árnadóttir
3004825119
Dags: 26.06.2025
Tími: 14:55:43
Ástæða: Samþykkt
Signet ID: f24afe6d-82bb-420c-a7d6-601c0a495fff



Fundargerð

245. fundur Heilbrigðisnefndar Suðurlands haldinn föstudaginn 20. júní 2025 kl. 14:00 á Þingvöllum, Bláskógabyggð

Mætt: Guðrún S. Magnúsdóttir, Páll Tómasson, Örn Friðriksson, Fjóla St. Kristinsdóttir, Kjartan Ólafsson, Oddur Árnason og Sigrún Guðmundsdóttir sem skrifaði fundargerð.

Guðrún S. Magnúsdóttir formaður setti fund og bauð fundarmenn velkomna. Gengið var til dagskrár.

1. Starfsleyfi, skráning, afturköllun starfsleyfa, umsagnir, rekstraryfirlit

a. Starfsleyfi

Málsnúmer	Heiti	Fyrirtæki	Póstnr	Mótttekið
2506228HS	Starfsleyfi nýtt - í Sundlauginni Brautarholti	Skeiða- og Gnúpverjahreppur líkamsræktaraðstaða,	804	19.06.2025
2506229HS	Starfsleyfi - tímab. - Sumar á Selfossi	Knattspyrnufélag Árborgar	800	19.06.2025
2506230HS	Starfsleyfi breyting - stækkun	Aurora Igloos ehf.	851	19.06.2025
2506231HS	Starfsleyfi, tímabundið goslokaátt - bæjarátt	Vestmannaeyjabær	900	19.06.2025
2506233HS	Starfsleyfi ný starfsemi	Gististaður Árbakka, Hestvit ehf.	851	19.06.2025
2506214HS	Starfsleyfi endurnýjun fyrir veitingastað, ís- og ostagerð og hestaleigu	Efstidalur 2 ehf	806	18.06.2025
2506215HS	Starfsleyfi - endurnýjun gisting	Efstidalur 2 ehf	806	18.06.2025
2506216HS	Starfsleyfi tímabundið vegna kjötsúpuháttar 2025	Rangárþing eystra	860	18.06.2025
2506217HS	Starfsleyfi ný starfsemi	Kjartanshólmi ehf. - gististaður	800	18.06.2025
2506218HS	Starfsleyfi, nýtt	MAC Management, Íslandi ehf.	900	18.06.2025
2506219HS	Starfsleyfi - stækkun	Miðás hestar ehf. - gististaður	851	18.06.2025
2506200HS	Starfsleyfi, nýtt Vestmannabraut 14	Ingi Þór Halldórsson Gisting Vestmannabraut 14	900	16.06.2025
2506067HS	Starfsleyfi endurnýjun	Kerlingarfjöll ehf.	845	13.06.2025
2506074HS	Starfsleyfi, endurnýjun.	Fossvélar ehf.	800	13.06.2025
2506087HS	Starfsleyfi, tímabundið bjórátt	The Brothers Brewery	900	13.06.2025
2506192HS	Starfsleyfi Kótelettan 2025 tímabundin starfsemi	Viðburðastofa Suðurlands ehf.	800	13.06.2025
2506194HS	Starfsleyfi ný starfsemi - heildsala áfengis	Vindís ehf.	880	13.06.2025
2506195HS	Starfsleyfi ný starfsemi - heildsala áfengis	Drykkja ehf.	800	13.06.2025
2506061HS	Starfsleyfi tímabundið - Upp í sveit útihátt	Skeiða- og Gnúpverjahreppur	804	11.06.2025
2506050HS	Starfsleyfi tímabundið v.	Mímir, nemendafélag	840	06.06.2025



Heilbrigðisnefnd Suðurlands

Austurvegi 65a
800 Selfoss
Sími: 480 8250

	útisamkomu			
2506051HS	Starfsleyfi br. á húsnæði	Heimagisting - Skammidalur, 871 Vík - Ausur ehf	871	06.06.2025
2506040HS	Starfsleyfi ný starfsemi	Hótel Lóa ehf.	860	05.06.2025
2506038HS	Starfsleyfi nýtt Jarðhús - Lyngbrekka 10	JARÐHÚS ehf. - sumarhús gisting	805	04.06.2025
2506025HS	Starfsleyfi ný starfsemi	Dagga litla ehf.	851	03.06.2025
2506018HS	Starfsleyfi tímabundið Vinnubúðir við Vaðölduver	Ístak hf.	851	03.06.2025
2506020HS	Starfsleyfi eigendaskipti	Sveitahóтелиð Brú ehf.	805	03.06.2025
2506021HS	Starfsleyfi ný starfsemi	Landsvirkjun vatnsból Vaðöldu	851	03.06.2025
2506006HS	Starfsleyfi Veiðihús - Stóra Laxá	Bergsnös ehf.	804	02.06.2025
2506009HS	Starfsleyfi - eigendaskipti - var Puffin	Ourhotels Vík ehf. - Vík inn	870	02.06.2025
2506012HS	Starfsleyfi eigendaskipti	Ourhotels Hrífunes ehf.	881	02.06.2025
2506013HS	Starfsleyfi nýtt húsnæði Lækjarbakki	Barnaverndarstofa	851	02.06.2025
2506014HS	Starfsleyfi - stækkun	Landefni ehf. - Minnivallanáma	851	02.06.2025
2506015HS	Starfsleyfi tímaab. starfsemi Ævintýrabúðir Reykjadal	Styrktarfélag lamaðra/fatlaðra vegna sumarbúða í Hlíðardalsskóla	816	02.06.2025
2505132HS	Starfsleyfi ný starfsemi - matvælavagn	So good & tasty! ehf.	860	28.05.2025
2505108HS	Starfsleyfi ný starfsemi - brugghús	Vínkeldan ehf.	810	27.05.2025
2505119HS	Starfsleyfi ný starfsemi	Cibo Italiano ehf. - Gróðurhúsið	810	27.05.2025
2505122HS	Starfsleyfi nýtt húsnæði	Pálína Cottage studio - Minna-Mosfell ehf. gisting	805	27.05.2025
2505123HS	Starfsleyfi, breyting - Bluehostel	Gos Rent ehf. Kúlan veitingast.	900	27.05.2025
2505080HS	Starfsleyfi tímabundið veitingavagn	Fjallafang ehf. Landmannalaugum	851	20.05.2025
2505081HS	Starfsleyfi ný garðyrkjustöð - berjaræktun	Kvistabær ehf.	806	20.05.2025
2505082HS	Starfsleyfi tímabundið Töðugiöld Hellu	Rangárþing ytra	850	20.05.2025
2505083HS	Starfsleyfi gufuafllsvirkjun - ný starfsemi	Suðurdalur ehf. - Fólaldaháls jarðvarmavirkjun	805	20.05.2025
2505084HS	Starfsleyfi - endurnýjun veitingastaðnum Geysi	Geysir ehf. - veitingastaður	806	20.05.2025
2505085HS	Starfsleyfi matarvagn við Bjarnabúð	GangGang ehf.	806	20.05.2025
2505086HS	Starfsleyfi tímabundið vegna gistingar á Skógum	EJ Hotels ehf. - Skógar Hostel, Skólavegi 1	861	20.05.2025
2505062HS	Starfsleyfi, nýtt	Höfðó ehf. - Kaffi Prýði	900	16.05.2025
2505055HS	Starfsleyfi tímabundið vegna vatnslagnar	Gröfubjónusta Steins ehf	800	13.05.2025
2505056HS	Starfsleyfi nýtt húsnæði	Hveragerðisbær v/ Leikskólans Óskalands	810	13.05.2025
2505049HS	Starfsleyfi eigendaskipti	Engjar ehf. - Hestakráin – gisting og veitingar	804	12.05.2025
2505020HS	Starfsleyfi tímabundið	ON Power ohf - lagning jarðstrengja innan vatnsverndarsvæðis í Engidal	816	08.05.2025



Heilbrigðisnefnd Suðurlands

Austurvegi 65a
800 Selfoss
Sími: 480 8250

2505021HS	Starfsleyfi ný gisting í glerhýsum	AURA Retreat Iceland ehf.	851	08.05.2025
2505022HS	Starfsleyfi ný gisting	Mörtunga slf.	881	08.05.2025
2505023HS	Starfsleyfi, nýtt	Ebbi ehf.	900	08.05.2025
2505024HS	Starfsleyfi - matvælavagn	Anzali ehf.	810	08.05.2025
2505025HS	Starfsleyfi, endurnýjun	Ungmennafélag Selfoss (UMFS)	800	08.05.2025
2505012HS	Starfsleyfi endurnýjun - Orka náttúrunnar vegna NJ-34	Orka náttúrunnar ohf.	805	06.05.2025
2505013HS	Starfsleyfi tímab. Jarðborun	Carbfix ehf. - Nessandur	816	06.05.2025
2505001HS	Starfsleyfi tímabundið vegna jarðborunar fyrir vatnsbóli	Bergborun ehf. Sigölduvirkjun	804	02.05.2025
2504130HS	Starfsleyfi ný starfsemi – gisting – eftir að gefa út v/ veitingastarfsemi	Jón Marteinn Finnbogason - Freya Farm	804	30.04.2025
2504131HS	Starfsleyfi nýtt húsnæði	Mörtunga 2 gisting - Mörtunga slf.	881	30.04.2025
2504136HS	Starfsleyfi eigendaskipti - áður Hafko ehf.	Hjalti Gunnarsson	825	30.04.2025
2504124HS	Starfsleyfi, tímabundið vegna jarðborunar fyrir vatnsbóli	Bergborun ehf. Vaðöldu	851	29.04.2025
2504126HS	Starfsleyfi tímabundið framlenging á fyrri leyfi	Hveragerðisbær v/ Leikskólans Bungubrekku	810	29.04.2025
2504128HS	Starfsleyfi endurnýjun	Fræðslunetið-símenntun ses.	800	29.04.2025
2504113HS	Starfsleyfi nýtt húsnæði	Nesbúegg ehf. - Miklholtshellir II b	803	26.04.2025
2504116HS	Starfsleyfi endurnýjun	Leikfélag Vestmannaeyja	900	26.04.2025
2504117HS	Starfsleyfi ný starfsemi veiðihús	Hreggnasi Veiðihús ehf.	881	26.04.2025
2504120HS	Starfsleyfi endurnýjun	Icelandic-Cottages ehf.	803	26.04.2025

Ofangreind starfsleyfi eru samþykkt með fyrirvara um jákvæða úttekt heilbrigðisfulltrúa og jákvæða afgreiðslu viðkomandi skipulags- og byggingafulltrúa.

Í auglýsingu:

Eftirtalin starfsleyfisútgáfa í auglýsingu á heimasíðu Heilbrigðiseftirlits Suðurlands, verða gefin út að auglýsingafresti loknum að því gefnu að ekki berist athugasemdir við útgáfuna.

Ef athugasemdir berast verður ákvörðun um útgáfu tekin á næsta fundi heilbrigðisnefndar.

Starfsleyfisauglýsingar vegna útgáfu starfsleyfa fyrir mengandi starfsemi sbr. reglugerð nr. 550/2019 til kynningar:

- Landefni ehf., kt. 6510221500, Minnivellir, 851 Rangárþingi ytra vegna aukinnar efnisvinnslu úr Minni Valla námu. [Sjá hér](#)

Frestur til að gera athugasemdir er til og með 10. júlí 2025

- Suðurdalur ehf., kt. 410617-1530, Kalkofnsvegur 2, 101 Reykjavík, vegna jarðvarmavirkjunar á Folaldahálsi, 805 Selfoss. [Sjá hér](#)

Frestur til að gera athugasemdir er til og með 24. júní 2025



Heilbrigðisnefnd Suðurlands

Austurvegi 65a
800 Selfoss
Sími: 480 8250

- ON Power, kt. 5212130190, Bæjarhálsi 1, 110 Reykjavík, vegna lagningu aflstrengja í jörðu og byggingu borholuskýla innan vatnsverndarsvæðisins í Engidal, 816 Ölfus. [Sjá hér.](#)

Frestur til að gera athugasemdir er til og með 12. júní 2025

- Carbfix kt. 531022 0840, Bæjarhálsi 1, 110 Reykjavík vegna jarðborana á landi Nessands í Ölfusi [sjá hér](#)

Frestur til að gera athugasemdir er til og með 12. júní 2025

- Bergborun ehf. kt. 440220-2070, Urdarbrunni 5, 113 Reykjavík, vegna jarðborunar fyrir vatnstökuholu við Sigöldu, Rangárþingi ytra. Sjá slóð [hér](#)

Frestur til að gera athugasemdir er til og með 11. júní 2025

- Gröfupjónusta Steins ehf. kt. 551203-2040, vegna tímabundins starfsleyfis fyrir lagningu aðveituæðar innan vatnsverndarsvæðis Sveitarfélagsins Árborgar, 800 Selfoss. Sjá slóð [hér](#)

Frestur til að gera athugasemdir er til og með 10. júní 2025

- JÁVERK hf., kt. 701292-4899, Gagnheiði 28, 800 Selfoss, vegna vinnubúða við Rauðukamba, 804 Selfoss, sjá slóð [hér](#)

Frestur til að gera athugasemdir er til og með 9. júní 2025

- Orka náttúrunnar ohf., kt. 4711190830, Bæjarhálsi 1, 110 Reykjavík, vegna borunar uppbótar vinnsluholu NJ-34 á vinnslusvæði Nesjavallavirkjunar, Nesjavöllum, 805 Selfossi á tímabilinu 15. júní – 15. desember 2025, sjá slóð [hér](#).

Frestur til að gera athugasemdir er til og með 4. júní 2025

- Bergborun ehf. kt. 440220-2070, Urdarbrunni 5, 113 Reykjavík, vegna jarðborunar fyrir vatnstökuholu við Vaðöldu, Rangárþingi ytra, sjá [hér](#)

Frestur til að gera athugasemdir er til og með 27. maí 2025

b. Skráning á eftirlitsskyldri starfsemi

Málsnúmer	Heiti	Fyrirtæki	Póstnr	Móttekið
2505109HS	Skráning ný starfsemi bílaþvottastöð Arnbergi	Olís ehf.	800	27.05.2025
2506232HS	Skráning - Flugeldasýning Kjötsúpuhátið 30. ágúst 2025	Rangárþing eystra	860	19.06.2025
2505094HS	Skráning - Flugeldasýning Töðugjöld á Hellu 16. ágúst 2025	Rangárþing ytra	850	23.05.2025
2505050HS	Skráning - steypuframleiðsla tímabundin	Steypustöðin ehf.	851	13.05.2025
2504134HS	Skráning tímabundin niðurrif Sigtúni 1	MT Ísland ehf.	800	30.04.2025

Staðfesting afgreiðslu



Heilbrigðisnefnd Suðurlands

Austurvegi 65a
800 Selfoss
Sími: 480 8250

c. Tóbakssöluleyfi

Málsnúmer	Heiti	Fyrirtæki / stofnun	Póstnr	Móttekið
2506054HS	Tóbakssöluleyfi endurnýjun	Skaftáráskáli - Systrakaffi ehf	880	10.06.2025
2506019HS	Tóbakssöluleyfi	JS Bakki ehf.	820	03.06.2025
2505010HS	Tóbakssöluleyfi endurnýjun	Dvalarheimilið Ás	810	06.05.2025

Staðfesting afgreiðslu

d. Afturköllun / höfnun starfsleyfa

Málsnúmer	Heiti	Fyrirtæki / stofnun	Póstnr	Móttekið
2506084HS	Afturköllun starfsleyfis - starfsemi hættir	Adrian Zoladek	800	13.06.2025
2506055HS	Starfsemi hættir	Aldingróður ehf. - ræktun á sprettum	900	10.06.2025
2506005HS	Afturköllun starfsleyfis, starfsemi hætt	Líkamsræktarstöðin ehf Hressó	900	02.06.2025
2506004HS	Afturköllun starfsleyfis, starfsemi hætt	Líkamsræktarstöðin ehf Hressó	900	02.06.2025
2505054HS	Afturköllun starfsleyfis - starfsemi hættir	Rósagarðurinn - Hverablóm ehf.	810	13.05.2025
2505026HS	Afturköllun starfsleyfis	L6 ehf. - Messinn	800	08.05.2025
2504137HS	Afturköllun starfsleyfis - rekstrarleyfi afturkallað	ASLE ehf. - Borealis hótél	805	30.04.2025
2504133HS	Afturköllun starfsleyfis eigendaskipti	Fish Partner ehf.	881	30.04.2025
2504132HS	Afturköllun starfsleyfis eigendaskipti	Efri Brú - Gisting - Fish Partner ehf.	805	30.04.2025

Staðfesting afgreiðslu.

e. Umsagnir til sýslumanna Vegna veitinga- og gistileyfa og tækifærisleyfa

Málsnúmer	Heiti	Fyrirtæki	Póstnr	Móttekið
2506223HS	Rekstrarleyfi frístundahús - vantar samþykki byggingafulltrúa	Dvalinn ehf. – gisting frístundahúsi, Gaddstaðir 48	851	18.06.2025
2506090HS	Rekstrarleyfi, umsögn vegna gistingar	Ingi Þór Halldórsson Gisting Vestmannabraut 14	900	13.06.2025
2506075HS	Rekstrarleyfi, umsögn vegna gistingar, gistiskáli	VE73 sf. Tjaldsvæði, Herjólfssdal og við Þórsheimilið	900	13.06.2025
2506037HS	Rekstrarleyfi sumarhús –hafnað vegna skipulags	MM Logik ehf. - gisting í sumarhúsi Borgarhólsstekk 3	806	04.06.2025
2506036HS	Rekstrarleyfi nýtt	Sveitahótelid Brú ehf.	805	04.06.2025
2506035HS	Rekstrarleyfi sumarhús – hafnað vegna skipulags	Jón Anton Bergsson, Koti, Rimalönd 2	806	04.06.2025
2506033HS	Rekstrarleyfi sumarhús - vantar frá bygg	Gísli Heiðar Bjarnason - sumarhús	851	04.06.2025
2506032HS	Rekstrarleyfi nýtt hótél m 66 herbergjum og veitingastað með bar	Hótél Lóa ehf.	860	04.06.2025
2506031HS	Rekstrarleyfi v Veidihús Stóra Laxá 2025	Bergsnös ehf.	804	04.06.2025



Heilbrigðisnefnd Suðurlands

Austurvegi 65a
800 Selfoss
Sími: 480 8250

2506029HS	Rekstrarleyfi vJarðhús ehf - Lyngbrekka 10	JARÐHÚS ehf.	805	04.06.2025
2506026HS	Rekstrarleyfi ný starfsemi	Skammidalur, 871 Vík - Ausur ehf - gisting	871	03.06.2025
2506003HS	Rekstrarleyfi, umsögn vegna breytinga.	Gos Rent ehf. Kúlan veitingast.	900	02.06.2025
2505107HS	Rekstrarleyfi Hestakráin veitingar og gisting	Engjar ehf.	804	27.05.2025
2505078HS	Rekstrarleyfi stækkun - húsum bætt við þarf að skoða	Útleiga sumarhúsa - Uxahryggur ehf.	851	20.05.2025
2505077HS	Rekstrarleyfi frístundahús - vantar umsögn byggingafulltrúa	V2ás ehf.	851	20.05.2025
2505053HS	Rekstrarleyfi - Hótel Drangshlíð - sent á bygg	Ourhotels Vík ehf. - Vík inn	870	13.05.2025
2505051HS	Rekstrarleyfi - Hótel Hrífunes - í bið - vantar teikningar	Ourhotels Hrífunes ehf.	881	13.05.2025
2505037HS	Rekstrarleyfi vegna veislubónustu og veitingareksturs	Mörtunga slf.	881	10.05.2025
2505036HS	Rekstrarleyfi Stracta Hótel Mosfell	Stracta Hótel Mosfell ehf.	850	10.05.2025
2505035HS	Rekstrarleyfi hafnað vegna skipulags	Profrakt ehf. - gisting í frístundahúsi	806	10.05.2025
2505033HS	Rekstrarleyfi gisting - eftir er að gefa út fyrir veitingastarfsemi Freya Farm	Jón Marteinn Finnbogason	804	10.05.2025
2505032HS	Rekstrarleyfi - þrjú sumarhús - vantar frá byggingafulltrúa	Grímsstaðir cottage - Foss Travel ehf.	861	10.05.2025
2504139HS	Rekstrarleyfi nýr rekstraraðili	Golfklúbbur Öndverðarness	805	30.04.2025
2506090HS	Rekstrarleyfi, umsögn vegna gistingar	Ingi Þór Halldórsson Gisting Vestmannabraut 14	900	13.06.2025
2506227HS	Tækifærisleyfi útítonleikar við Hvíta húsið, áfengisveitingar úti, og útiskemmtun í Sigtúnsgarði	Viðburðastofa Suðurlands	800	18.06.2025
2506226HS	Tækifærisleyfi lengri opnun	Hvíta húsið - Góð stemning ehf.	800	18.06.2025
2506225HS	Tækifærisleyfi áfengisveitingar Kótelettunni úti 2025	Kótelettan	800	18.06.2025
2506212HS	Tækifærisleyfi, umsögn vegna Gosloka hátíðar	Lundinn - Dalhraun 6 ehf	900	18.06.2025
2506202HS	Tækifærisleyfi vegna tónleika 17. júní Skaftárhreppi	Skaftárhreppur vFélagsheimilið Kirkjuhvoll	880	16.06.2025
2506091HS	Tækifærisleyfi, umsögn vegna Gosloka hátíðar	Vestmannaeyjabær	900	13.06.2025
2506088HS	Tækifærisleyfi tónleikar á Lómsstöðum	Skeiða- og Gnúpverjahreppur	804	13.06.2025
2506063HS	Tækifærisleyfi, Gullvagn á Gosloka helgi	Gott - S.B. Heilsa ehf.	900	11.06.2025
2506062HS	Tækifærisleyfi, Dansleikur félags eldri borgara í Gunnarshólma	Rangárþing eystra	861	11.06.2025
2506059HS	Tækifærisleyfi v lbæjarhátíðarinnar Töðugjöld 2025	Rangárþing ytra	850	11.06.2025
2506058HS	Tækifærisleyfi - Sveitahátíðin Upp í sveit, bæjarhátíð	Skeiða- og Gnúpverjahreppur	804	11.06.2025
2506056HS	Tækifærisleyfi, tónleikar á Þjóðhátíð 2025	AR Veitingar ehf. - Vöruhúsið	900	10.06.2025
2506043HS	Tækifærisleyfi v Helgill ultra tónleikar íþróttahús Hveragerðisbæjar	Tónræktin ehf.	810	05.06.2025



Heilbrigðisnefnd Suðurlands

Austurvegi 65a
800 Selfoss
Sími: 480 8250

2506042HS	Tækifærisleyfi, umsögn við Bjórhátíð	The Brothers Brewery	900	05.06.2025
2506041HS	Tækifærisleyfi. Þjóðhátíð tónleikar	Ágúst Beinteinn Árnason	900	05.06.2025
2506034HS	Tækifærisleyfi útihátíð Mímír 2025	Mímír, nemendafélag	806	04.06.2025
2506030HS	Tækifærisleyfi - Open Venus Vintage	8 plánetur ehf. - hafnað	800	04.06.2025
2505131HS	Tækifærisleyfi vegna tónleika í Nesi við bakka Ytri-Rangár	Bjarki Eiríksson	850	28.05.2025
2505079HS	Tækifærisleyfi vegna Sumar á Selfossi	Knattspyrnufélag Árborgar	800	20.05.2025

Afgreiðsla staðfest

f. Umsagnir vegna skipulags- og umhverfismála Skipulagsmál

Málsnúmer	Heiti	Fyrirtæki	Póstnr	Móttekið
2506221HS	Nr. 08152025 - Lýtingsstaðir 6 dsk, - Auglýsing tillögu (Nýtt deiliskipulag)	Skipulags- og byggingafulltrúi Rangárþings ytra	850	18.06.2025
2506220HS	Nr. 08272025 - Austurvegur 61-63 - Deiliskipulagsbreyting - Auglýsing tillögu (Breyting á deiliskipulagi)	Skipulags- og byggingafulltrúi Sv. Árborgar	800	18.06.2025
2506079HS	Nr. 08132025 - Laugarvatn L224243; Nýtt iðnaðarsvæði vegna jarðhita; Aðalskipulagsbreyting - 2505072, Lýsing (Breyting á aðalskipulagi)	Skipulags- og byggingafulltrúi uppsveita Árnessýslu	840	13.06.2025
2506078HS	Nr. 08082025- Sólbrekka L213875 (áður Hnaus land 4); 2 lögbýlislóðir; Deiliskipulag - 2501006- Auglýsing tillögu (Nýtt deiliskipulag)	Skipulags- og byggingafulltrúi uppsveita Árnessýslu	840	13.06.2025
2506077HS	Nr. 08072025- Hrafnheimar (áður Ásatúnsvallarland) Breyttir byggingarreitir; Deiliskipulagsbreyting - 2504063, Auglýsing tillögu (Breyting á deiliskipulagi)	Skipulags- og byggingafulltrúi uppsveita Árnessýslu	840	13.06.2025
2506076HS	Nr. 07632025 Norður-Foss - Auglýsing tillögu (Breyting á deiliskipulagi)	Skipulags- og byggingafulltrúi Mýrdalshrepps	870	13.06.2025
2506072HS	Nr. 08182025 - Hagi vSelfjall 2 -Lýsing (Breyting á aðalskipulagi)	Skipulags- og byggingafulltrúi Rangárþings ytra	850	13.06.2025
2506071HS	Nr. 08172025 - Galtalækjarnáma - Merkurnáma E57- Lýsing (Breyting á aðalskipulagi)	Skipulags- og byggingafulltrúi Rangárþings ytra	850	13.06.2025
2506070HS	Nr. 08162025 - Hallstún spilda L203254 dsk, Auglýsing tillögu (Nýtt deiliskipulag)	Skipulags- og byggingafulltrúi Rangárþings ytra	850	13.06.2025
2506069HS	Nr. 07662025- Þorkelsgerði 2c, nýtt deiliskipulag - endurauglýsing, Auglýsing tillögu (Nýtt deiliskipulag)	Skipulags- og byggingafulltrúi Ölfus	815	13.06.2025
2506068HS	Nr. 07982025 - Hvoll í Ölfusi - Auglýsing tillögu (Nýtt deiliskipulag)	Skipulags- og byggingafulltrúi Ölfus	815	13.06.2025
2506016HS	Nr. 05312025 - Heylækur, sunnan Fljótshlíðarveggar- Kynning tillögu á vinnslustigi (Nýtt deiliskipulag)	Skipulags- og byggingafulltrúi Rangárþings eystra	860	03.06.2025
2505130HS	Nr. 07332025 - Skálabrekka Vestri L229116; Lindarbrekkugata, Unnargata og Guðrúnargata; Lega, stærð og fjöldi lóða; Deiliskipulagsbreyting - 2504067 - Auglýsing tillögu (Breyting á deiliskipulagi)	Skipulags- og byggingafulltrúi uppsveita Árnessýslu	840	28.05.2025



Heilbrigðisnefnd Suðurlands

Austurvegi 65a
800 Selfoss
Sími: 480 8250

2505129HS	Nr. 07312025 - Þjóðholt (áður Kálfholt K 3a) L219274; Íbúðarhús, bílskúr og skemma; Deiliskipulag - 2504035, Auglýsing tillögu (Nýtt deiliskipulag)	Skipulags- og byggingafulltrúi uppsveita Árnessýslu	840	28.05.2025
2505127HS	Nr. 03452025 - Bolavellir, - (Breyting á aðalskipulagi)	Skipulags- og byggingafulltrúi Rangárbings eystra	860	28.05.2025
2505125HS	Nr. 07012025 - Jörvík 1, áfangi 2 og Björkurstykki III - Auglýsing tillögu (Nýtt deiliskipulag)	Skipulags- og byggingafulltrúi Sví. Árborgar	800	28.05.2025
2505093HS	Nr. 06892025 - Stekkatún Breyting á deiliskipulagi Auglýsing tillögu (Breyting á deiliskipulagi)	Skipulags- og byggingafulltrúi Rangárbings ytra	850	22.05.2025
2505092HS	Nr. 06532025 - Hafnarsvæði H3 - stækkun skipulagssvæðis, Lýsing (Breyting á aðalskipulagi)	Skipulags- og byggingafulltrúi Ölfus	815	22.05.2025
2505091HS	Nr. 06552025 - Þóroddsstaðir 2 - lóð G - Nýtt deiliskipulag, Auglýsing tillögu (Nýtt deiliskipulag)	Skipulags- og byggingafulltrúi Ölfus	815	22.05.2025
2505090HS	Nr. 06522025 - Bær í Ölfusi - Færsla byggingarreits - Deiliskipulagsbreyting, Auglýsing tillögu (Breyting á deiliskipulagi)	Skipulags- og byggingafulltrúi Ölfus	815	22.05.2025
2505089HS	Nr. 06542025 - Þorlákshafnarhlína 2 - breyting á aðalskipulagi, Lýsing (Breyting á aðalskipulagi)	Skipulags- og byggingafulltrúi Ölfus	815	22.05.2025
2505075HS	Nr. 03922025 Kirkjulækjarkot, Bakki, Auglýsing tillögu (Nýtt deiliskipulag)	Skipulags- og byggingafulltrúi Rangárbings eystra	860	20.05.2025
2505074HS	Nr. 06742025 Gaddstaðaeja br á landnotkun, Lýsing (Breyting á aðalskipulagi)	Skipulags- og byggingafulltrúi Rangárbings ytra	850	20.05.2025
2505069HS	Nr. 06642025 - Lækjarsel og Kúfholt. Br á ask, - Lýsing (Breyting á aðalskipulagi)	Skipulags- og byggingafulltrúi Rangárbings ytra	850	19.05.2025
2505068HS	Nr. 06582025 - Tungurimi 14 L234820, Reykholti, deiliskipulagsbreyting - 2504081 - Auglýsing tillögu (Breyting á deiliskipulagi)	Skipulags- og byggingafulltrúi uppsveita Árnessýslu	840	19.05.2025
2505067HS	Nr. 06562025 - Þinggerði 1 L215450; Björgunarmiðstöð - Auglýsing tillögu (Nýtt deiliskipulag)	Skipulags- og byggingafulltrúi uppsveita Árnessýslu	840	19.05.2025
2505066HS	Langanes, frístundabyggð, nr. 05712025 (Breyting á deiliskipulagi)	Skipulags- og byggingafulltrúi Rangárbings eystra	860	19.05.2025
2505011HS	Höfðabrekka, nr. 05592025 - Auglýsing tillögu (Nýtt deiliskipulag)	Skipulags- og byggingafulltrúi Mýrdalshrepps	870	06.05.2025
2505009HS	Kaldrananes, nr. 05512025 - Auglýsing tillögu (Nýtt deiliskipulag)	Skipulags- og byggingafulltrúi Mýrdalshrepps	870	06.05.2025
2505007HS	Deiliskipulag vegna hesthúsaborholu	Skipulags- og byggingafulltrúi Hveragerðisbæjar	810	05.05.2025
2505006HS	Íðnaðarsvæði II í Flatholti; nr. 05892025 - Auglýsing tillögu (Nýtt deiliskipulag)	Skipulags- og byggingafulltrúi uppsveita Árnessýslu	840	05.05.2025
2505005HS	Vaðnes L168289, nr. 05872025 - Lýsing (Breyting á aðalskipulagi)	Skipulags- og byggingafulltrúi uppsveita Árnessýslu	840	05.05.2025
2505004HS	Bergholt L238505; nr. 0592_2025 - Auglýsing tillögu (Nýtt deiliskipulag)	Skipulags- og byggingafulltrúi uppsveita Árnessýslu	840	05.05.2025
2505003HS	Langamýri spilda L209076, nr. 0593_2025 - Auglýsing tillögu (Nýtt deiliskipulag)	Skipulags- og byggingafulltrúi uppsveita Árnessýslu	840	05.05.2025

Lagt fram til kynningar/staðfestingar.



Heilbrigðisnefnd Suðurlands

Austurvegi 65a
800 Selfoss
Sími: 480 8250

Umhverfismál

Málsnúmer	Heiti	Fyrirtæki	Póstnr	Móttekið
2505128HS	Nr. 07352025 - Einholtsgvegur (358-02) - Tilkynning um framkvæmd (Tilkynning til ákvörðunar um matsskyldu)	Skipulagsstofnun	105	28.05.2025
2505126HS	Nr. 07242025 - Rannsóknarboranir sunnan Bolaöldu - Tilkynning um framkvæmd (Tilkynning til ákvörðunar um matsskyldu)	Skipulagsstofnun	105	28.05.2025
2505088HS	Nr. 06802025 - Mjólkursamsalan Selfossi núverandi starfsemi og áframhaldandi uppbygging, Tilkynning um framkvæmd (Tilkynning til ákvörðunar um matsskyldu)	Skipulagsstofnun	105	22.05.2025
2505065HS	Veiting Austurkvíslar Þjórsárvísla í fyrri farveg, nr. 06342025 - Tilkynning um framkvæmd (Tilkynning til ákvörðunar um matsskyldu)	Skipulagsstofnun	105	19.05.2025
2505016HS	Vegabætur á Landvegi (26) frá vegamótum að Áfangagili að Þjórsárdalsvegi, nr. 05642025 - Tilkynning um framkvæmd (Tilkynning til ákvörðunar um matsskyldu)	Skipulagsstofnun	105	07.05.2025

Lagt fram til kynningar/staðfestingar.

f) Rekstraryfirlit og viðauki við fjárhagsáætlun 2025

Rekstraryfirlit í fundargögnum dags. 14. júní.

Á 244. fundi nefndarinnar dags. 2. maí sl. var samþykktur viðauki við fjárhagsáætlun 2025 í samræmi við nýgerða kjarasamninga og var send aðildarsveitarfélögunum þann 5. maí sl. til staðfestingar ásamt fundargerðinni.

Staðfestingu vantar frá Hrunamannahreppi og Skaftárhreppi. Þeim hefur verið send ítrekun um að staðfesta viðaukann.

2. Úr eftirliti

a. Seljalandsfoss ehf. Rangárþingi eystra

Málið var til kynningar á 240. fundi nefndarinnar 3. desember 2024 eftir að bréf var sent þar sem krafist var úrbóta og bent á heimild til þvingunarúrræða. Aftur var málið á dagskrá á 241. fundi heilbrigðisnefndar 14. janúar og þá upplýst að landið sé í deiliskipulagsferli og því var frestur veittur til að koma með úrbótaáætlun. Samkvæmt skjalakerfi HSL var deiliskipulagstillaga síðast til umsagnar hjá embættinu í júní 2018. Við eftirgrennslan hefur komið í ljós að deiliskipulag var samþykkt og undirritað 10. janúar 2019. Með vísan í bréf frá Skipulags- og byggingafulltrúa Rangárþings eystra dags. 26. september 2024 vegna umsóknar um starfsleyfi, liggur ekki fyrir heimild fyrir salernisgámum á svæðinu. Annað bréf HSL ásamt svarbréfi rekstraraðila er nú til kynningar, sem og andsvari HSL þar sem ítrekað er að gera þurfi betur og veittur frestur til 1. júní til að koma með úrbótaáætlun. Tölvupóstur var sendur rekstraraðilum 14. júní til að minna á að frestur sé liðinn.

Bókun:

Með vísun í ofangreint áformar Heilbrigðisnefnd Suðurlands að krefjast lokunar þessa rekstrar innan mánaðar þar sem gildandi deiliskipulag gerir ekki ráð fyrir starfseminni auk þess sem ekki er stöðuleyfi fyrir núverandi salernishúsum og



Heilbrigðisnefnd Suðurlands

Austurvegi 65a
800 Selfoss
Sími: 480 8250

öðrum mannvirkjum. Verði rekstraraðilar ekki við þessum kröfum er áformað að leggja dagsektir, að upphæð kr. 500.000 á dag, á Seljalandsfoss ehf., sbr. 61. gr. laga nr. 7/1998 vegna ofangreindra frávika. Áætlað er að dagsektirnar verði lagðar á frá og með 21. júlí nk. og þar til staðfesting á fullnægjandi úrbótum hefur borist embættinu.

b. Olís Litlu-kaffistofunni

Kynnt áhættumat vegna áforma um að taka upp olúgeyma á vatnsverndarsvæði þar sem eldsneytissölu er hætt.

3. Aðsend erindi:

a. Stóra-Hraun öryggisfangelsi

Til kynningar á fundinum

b. Kaldárhöfði borun eftir neysluvatni

Til kynningar

4. Önnur mál

a) Fráveitumál á verndarsvæði Þingvallavatns – Icewater verkefnið

Til kynningar

Tillaga um breytingar á: *Leiðbeiningum HSL um fyrirkomulag skólphreinsunar við Þingvallavatn fráveitu samþykkt samhljóða.*

Heilbrigðiseftirlit Suðurlands hefur hrundið af stað sérstöku átaki í skráningum á ástandi fráveitumála við einstaka hús á verndarsvæði Þingvallavatns, en um það gilda strangari reglur en almennt gerist til að tryggja svo sem kostur er þetta einstaka náttúrufyrirbæri sem vatnið er og m.a. tryggja tærleika þess til framtíðar. Um 150 hús eru nær vatnsbakkanum en 50 metra og hafa eigendur þessara húsa fengið bréf þar sem farið er fram á skráningu upplýsinga um ástand fráveitu og ef þarf að fara í úrbætur þá er bent á leiðbeiningar þar að lútandi.

Átakið er hluti af verkefni ber yfirskriftina LIFE ICEWATER og er ætlað að flýta fyrir innleiðingu og framkvæmd Vatnaáætlunar skv. Vatnatilskipuninni. Heilbrigðiseftirlit Suðurlands einn af 22 þátttakendum í þessu verkefni sem er ætlað að:

- Auka þekkingu á notkun, eiginleikum og ástandi vatns á Íslandi
- Tryggja fumlause og samhæfða stjórnsýslu þegar kemur að vatnamálum
- Bæta vatnsgæði, til dæmis með úrbótum í fráveitu og hreinsun á fráveituvatni
- Fræða almenning og hagaðila um mikilvægi vatns

Nánar er hægt að lesa sér til um verkefnið í frétt á meðfylgjandi slóð:

<https://hsl.is/frettir/frabaer-thattaka-i-upphafsfundi-icewater-verkefnid-hafid/>



Heilbrigðisnefnd Suðurlands

Austurvegi 65a
800 Selfoss
Sími: 480 8250

b) Vorfundur Umhverfis- og orkustofnunar, Matvælastofnunar og heilbrigðiseftirlitssvæðanna á Húsavík

Sameiginlegur fundur með heilbrigðiseftirlitssvæðunum UOS og MAST var haldinn 22-23. maí og er fundargerð til kynningar.

c) Kæra Umhverfis- og orkustofnunar á hendur Heilbrigðisnefnd vegna starfsleyfisútgáfu fyrir sláturhús SS á Selfossi

Kynning á stöðu mála.

d) Auglýsingaskylda hollustuháttaleyfa og umsögn um breytingar á skráningarreglugerð

Til kynningar bréf HER til Umhverfis- og orkustofnunar dags. 28. maí með ósk um leiðbeiningar um með hvaða hætti skuli auglýsa hollustuháttaleyfi.

Einnig til kynningar umsögn SHÍ um breytingu á reglugerð um skráningarskylda starfsemi sjá slóð: <https://samradapi.island.is/api/Documents/8137f019-694c-f011-9bcc-005056bccc7e>

e) Mælingar vegna fráveitu í Ölfusá

Skýrsla til kynningar Borist hafa niðurstöður örverumælinga frá í mars 2025 í Ölfusá.

f. Örverumælingar í Varmá og Þorleifslæk

Niðurstöður til kynningar.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 15:39

Guðrún S. Magnúsdóttir

Páll Tómasson

Fjóla St. Kristinsdóttir

Kjartan Ólafsson

Oddur Árnason

Örn Friðriksson

Sigrún Guðmundsdóttir

*** Rafræn skilríki**

Undirritað af: Sigrún Guðmundsdóttir

Tími: 20.06.2025 15:43
Undirrita skjal úr OneCRM

Undirritað með OneSign

*** Rafræn skilríki**

Undirritað af: Guðrún Svanhvít Magnúsdóttir

Kennitala: 2708755729
Tími: 20.06.2025 15:46
Samþykkt

Undirritað með OneSign

*** Rafræn skilríki**

Undirritað af: Fjóla Steindóra Kristinsdóttir

Kennitala: 2702725849
Tími: 20.06.2025 15:46
Samþykkt

Undirritað með OneSign

*** Rafræn skilríki**

Undirritað af: Páll Tómasson

Kennitala: 1305823389
Tími: 20.06.2025 16:53
Samþykkt

Undirritað með OneSign

*** Rafræn skilríki**

Undirritað af: Kjartan Þ Ólafsson

Kennitala: 0211535599
Tími: 20.06.2025 21:33
Samþykkt

Undirritað með OneSign

*** Rafræn skilríki**

Undirritað af: Örn Friðriksson

Kennitala: 1201594379
Tími: 20.06.2025 22:34
Samþykkt

Undirritað með OneSign

*** Rafræn skilríki**

Undirritað af: Oddur Árnason

Kennitala: 0605655899
Tími: 24.06.2025 7:27
Samþykkt

Undirritað með OneSign

FUNDARGERÐ STJÓRNAR BYGGÐASAFNS ÁRNESINGA



**BYGGÐASAFN
ÁRNESINGA**

17. fundur stjórnar Byggðasafns Árneseinga var haldinn þriðjudaginn 24. júní 2025 kl. 15 í Búðarstíg 22 á Eyrarbakka. Fundinn sátu Sandra Sigurðardóttir formaður, Þórhildur Dröfn Ingvadóttir varaformaður og Árni Eiríksson ritari. Fundinn sat einnig Lýður Pálsson safnstjóri sem skrifaði fundargerð. Einnig sat Linda Ásdísardóttir fundinn undir 1. Lið. Þetta var tekið fyrir:

1. Starfsemi safnsins. Síðustu mánuðir hafa verið annasamir hjá safninu. Í vetur vann Linda Ásdísardóttir að myndsetningu safnmuna Byggðasafns Ölfuss. Um páskana var haldin sýning í samvinnu við Fjölbrautaskóla Suðurland á áróðursspöldum nemenda í grafískri hönnun. Stóð sýningin í borðstofu Hússins fram í maí. Í aprílbyrjun hófst vinna við heimildaöflun og gerð sýningarinnar „Yfir beljandi fljót“ sem fjallar um samgöngur í Árnessýslu fyrir gerð brúa og vega. Áður voru það ferjur og vöð um árnar og reiðslóðar milli staða. Allar leiðir lágu í Skálholt, Þingvelli og verslunarstaðinn Eyrarbakka. Sýningin var opnuð 20. júní og er fróðleg og vel hönnuð. Safnið var þátttakandi í Vor í Árborg og á Jónsmessuhátíðinni á Eyrarbakka sl. helgi. Við það tækifæri var Gistihúsbíllinn ÁR-67, Ford B gerð af vörubíl, ágerð 1930 afhentur safninu til varðveislu. Mikill tími hefur verið varið til gerðar kynningarefnis á samfélagsmiðla. Ragnhildur Elísabet Sigfúsdóttir hefur skipulagt fræðslustarfsemina og nokkrir skólar nýttu sér það að koma með 4. bekk í heimsókn nú í vor. Sýlvía Kristjánsdóttir nýr starfsmaður og grafískur hönnuður hefur hannað allt sem hanna hefur þurft varðandi kynningarefni og sýningarspöld. Lýður Pálsson safnstjóri hefur sinnt stjórnarsýslu safnsins, lagt fram áherslur safnsins varðandi nýja stofnskrá safnsins, skipulagt sumarstarfsemina, verið öðrum starfsmönnum til liðsinnis og skipulagt Farskóla safnamanna sem haldinn verður á Selfossi í október.
2. Fjárhagsleg staða safnsins. Lagðar voru fram yfirlit um rekstur safnsins eftir hvern mánuð frá síðasta stjórnarfund. Safnstjóri svaraði fyrirspurnum stjórnar. Reksturinn er í góðu jafnvægi.
3. Bréf frá Grímsnes- og Grafningshreppi. Sveitarfélagið segir upp samningi um bókhald, launaútkeyrslu, reikningagerðar og skyldrar þjónustu frá 1. júlí með þriggja mánaða uppsagnarfresti. Tilgreinda ástæður eru breytingar á skrifstofuhaldi hreppsins. Stjórn Byggðasafns Árneseinga leggur til við framkvæmdastjórn Héraðsnefndar að hún leiti tilboða fyrir þær stofnanir sem nutu bókhaldsþjónustu Grímsness- og Grafningshrepps.
4. Eyri. Lögð voru fram drög að samningi um Eyri. Safnstjóra falið að lagfæra samninginn í takt við umræðu á fundinum.
5. Ný drög að samþykktum fyrir Byggðasafn Árneseinga. Stjórn ræddi drög að samþykkt og fól safnstjóra að senda lögfræðingi héraðsnefndar 10. grein í núverandi samþykktum Byggðasafns Árneseinga með ósk um að hún fari inn í nýjar samþykktir þar sem kemur fram að safninu sé heimilt að eiga hlut í og taka að sér rekstur annarra safna sé fjárhagslegur grundvöllur sé tryggður.
6. Áætlanir fyrir 2026. Stefnt að því að halda næsta fund í mánudaginn 8. september kl. 17 og ræða þá drög að starfsáætlun og rekstraráætlun fyrir næsta ár.

Fleira ekki tekið fyrir. Fundargerðin var lesin upp og samþykkt. Fundi slitið kl. 16,15.

Sandra Sigurðard.
Þórhildur Ingvadóttir
Árni Eiríksson

Fullgild rafræn undirskrift

INGUNN JÓNSDÓTTIR

Kennitala: 290376-3949

2025-06-13 14:07:39 GMT

Ástæða: Undirskrift

Fullgild rafræn undirskrift

ARNAR FREYR ÓLAFSSON

Kennitala: 241273-5719

2025-06-13 14:12:43 GMT

Ástæða: Undirskrift

Fullgild rafræn undirskrift

GAUTI ÁRNASON

Kennitala: 060873-3649

2025-06-13 14:13:19 GMT

Ástæða: Undirskrift

Fullgild rafræn undirskrift

BRYNHILDUR JÓNSDÓTTIR

Kennitala: 080769-2969

2025-06-13 15:49:48 GMT

Ástæða: Undirskrift

Fullgild rafræn undirskrift

ANTON KÁRI HALLDÓRSSON

Kennitala: 030583-3539

2025-06-13 17:15:15 GMT

Ástæða: Undirskrift

Fullgild rafræn undirskrift

ÁRNI EIRÍKSSON

Kennitala: 080966-4589

2025-06-13 19:44:11 GMT

Ástæða: Undirskrift

Fullgild rafræn undirskrift

SIGURBJÖRG JENNÝ JÓNSDÓTTIR

Kennitala: 280492-3299

2025-06-14 09:58:16 GMT

Ástæða: Undirskrift

Fullgild rafræn undirskrift

HELGA JÓHANNA HARDARDÓTTIR

Kennitala: 091084-3419

2025-06-14 20:50:22 GMT

Ástæða: Undirskrift

Fullgild rafræn undirskrift

JÓHANNES GISSURARSON

Kennitala: 160962-5429

2025-06-15 21:30:47 GMT

Ástæða: Undirskrift

Fullgild rafræn undirskrift

SANDRA SIGURDARDÓTTIR

Kennitala: 060283-4949

2025-06-16 17:14:48 GMT

Ástæða: Undirskrift

NSKRA
FÉLAGA

625. tundur stjórnar SASS

Haldinn í Hvolnum, Hvolsvelli
föstudaginn 6. júní 2025, kl. 11:00

Þátttakendur: Anton Kári Halldórsson formaður, Sandra Sigurðardóttir, Árni Eiríksson - sem tók þátt á Teams, Brynhildur Jónsdóttir, Jóhannes Gissurarson, Sigurbjörg Jenný Jónsdóttir, Eyrún Fríða Árnadóttir sem varamaður fyrir Gauta Árnason, Helga Jóhanna Harðardóttir og Arnar Freyr Ólafsson. Fundinn situr einnig Ingunn Jónsdóttir framkvæmdastjóri sem jafnframt ritar fundargerð. Gestir fundarins voru Ólafur Gestsson endurskoðandi frá PWC sem fór yfir drög að ársreikningi undir fyrsta lið, og Þórður Freyr Sigurðsson sviðsstjóri þróunarsviðs SASS sem fór yfir Sóknaðaráætlun Suðurlands og starfsskýrslu SASS v. 2024.

Formaður býður fundarmenn velkomna á fundinn sem nú er haldinn í Hvolnum, Hvolsvelli en eftir fundinn fer fram vinnustofa á vegum Sambands Íslenskra sveitarfélaga.

1. Ársreikningur SASS 2024

Ólafur fer yfir ársreikninginn og svarar spurningum fundarmanna.

Stjórn SASS samþykkir samhljóða ársreikning SASS vegna ársins 2024. Rafræn undirritun verður send á stjórnarmenn í framhaldi.

2. Sóknaðaráætlun Suðurlands

Þórður kynnir sóknaðaráætlun sem er komin inn til ráðuneytis og mun klárast sem samþykkt plagg í framhaldi.

Stjórn SASS samþykkir samhljóða Sóknaðaráætlun Suðurlands 2025–2029 sem heildstæða stefnu landshlutans um byggðapróun fyrir tímabilið, í samræmi við lög nr. 69/2015 um byggðaaætlun og sóknaðaráætlunir landshluta. Áætlunin er jafnframt grundvöllur samnings milli SASS og ráðuneyta um ráðstöfun fjármuna til byggðapróunar á svæðinu.

Áætlunin byggir á víðtæku samráði og samstarfi við sveitarfélögin á Suðurlandi, íbúa, fyrirtæki, stofnanir og aðra hagaðila. Sérstakt samráð var haft við almenning með nýstárlegu vefsamráði í gegnum samfélagsmiðla og myndskaið með SAHARA auglýsingastofu, auk rafrænna íbúafunda sem RATA stýrði. Fjöl margar umsagnir bárust og farið var yfir þær með heildstæðum hætti sem nýttist við lokafrágang áætlunarinnar.

Stjórn færir starfsfólki SASS, einkum sviðsstjóra og kynningar- og verkefnastjóra, sérstakar þakkir fyrir öfluga vinnu við stefnumótun og framsetningu. Íbúum fyrir virka þátttöku í samráði, hagaðilum fyrir sitt framlag og kjörnum fulltrúum á Suðurlandi fyrir skýrar áherslur í gegnum vinnustofur á síðustu aðalfundum og þátttöku á öðrum samráðsfundum.



Áætlunin er lifandi stefna sem byggir á fjórum stoðum: atvinnu og nýsköpun, samfélagi, umhverfi og innviðum. Hún mun stýra áherslum í úthlutun styrkja úr Uppbyggingarsjóði Suðurlands, vali á áhersluverkefnum, mótun starfsmarkmiða SASS og annarri forgangsröðun samtakanna á tímabilinu.

Stjórn leggur áherslu á að næstu skref í framkvæmd áætlunarinnar verði fagleg og gagnsæ. Stjórn SASS mun á næsta fundi stjórnar skipa fagráð sem mun vinna náið með verkefnisstjóra sóknaráætlunar að útfærslu á verklagi, forgangsröðun og eftirfylgni aðgerða. Fagráð sem stjórn skipar mun gegna lykilhlutverki sem ráðgefandi aðili stjórnar.

Jafnframt er lagt til að kynna stefnuna vel og leita samstarfs um markmiðin.

3. Starfsskýrsla SASS 2024

Þórður kynnir starfsskýrslu SASS v.2024 sem hefur verið send inn til Byggðastofnunar og samþykkt þar. Stjórn SASS samþykkir samhljóða starfsskýrslu SASS fyrir árið 2024, sem lögð hefur verið fram á þessum tímapunkti í samræmi við samning SASS og Byggðastofnunar um atvinnu- og byggðaðróun á Suðurlandi. Samningurinn er meginrammi og grunnur að starfsemi þróunarsviðs SASS, en skýrslan nær jafnframt yfir alla starfsemi samtakanna.

Skýrslan uppfyllir formkröfur Byggðastofnunar og hefur verið send stofnuninni ásamt viðauka. Í viðaukanum má sjá ítarlegt yfirlit yfir helstu þætti starfseminnar á árinu, þar á meðal:

- Samtals 3.700 vinnustundir skráðar í atvinnu- og byggðaðróunarverkefni og þar af um 1.100 vinnustundir í veitta ráðgjöf.
- Yfir 30 námskeið, vinnustofur og viðburðir á vegum byggðaðróunarfulltrúa.
- Um 80 markvissar kynningar og auglýsingar um ráðgjöf SASS á samfélagsmiðlum og í héraðsmiðlum.
- Fjölbreytt verkefni innan nýsköpunar, fræðslu, menningar, samfélagslegra viðfangsefna víðs vegar um Suðurland – allt frá vinnu við rannsóknarkafbát í Eyjum til foreldrahandbókar á þremur tungumálum, matarmenningarverkefni og stefnumótunarvinna á sviði atvinnumála á svæðinu.

Stjórn lýsir ánægju sinni með framvindu ársins og þá miklu breidd sem birtist í verkefnavali og áherslum byggðaðróunarfulltrúa. Þeir gegna lykilhlutverki í innleiðingu stefnu og áætlana SASS í samráði við hvert svæði byggðaðróunarfulltrúa og skýrslan dregur fram mikilvægi þeirra í að tengja saman stefnumörkun, ráðgjöf og frumkvæði íbúa og hagaðila.

Stjórn færir starfsfólki SASS, einkum sviðsstjóra og kynningar- og verkefnastjóra, sem og byggðaðróunarfulltrúum á svæðunum, sérstakar þakkir fyrir faglega og árangursríka vinnu á árinu 2024

Ekki fleira rætt og fundi slitið kl. 12:15

Næsti fundur stjórnar verður haldinn föstudaginn 28.júní nk. kl.11:00

86. stjórnarfundur Bergrisans bs.

23.6.2025

Staðsetning: fjarfundur á Teams.

Fundur hófst klukkan 13:00.

Fundinn sátu: Bragi Bjarnason, Sandra Sigurðardóttir, Eggert Valur Guðmundsson, Elliði Vignisson og Ása Valdís Árnadóttir.

Frá Bergrisanum voru Bjarki R. Kristjánsson og Íris Ellertsdóttir.

Dagskrá

1. Fundargerð þjónusturáðs

Verkefnastjóri kynnir fundargerð þjónusturáðs númer 190. Eftirfarandi er lagt fram til frekari umræðu:

1.a. Beiðni um fjölgun tíma í NPA samningi – 102589

Sveitarfélagið Árborg óskar eftir aukningu á NPA samningi fyrir einstakling með auðkennið 102589.

Einstaklingur er með SIS mat 9. Núverandi samningur hljóðar upp á 378 vinnustundir og er kostnaður vegna núgildandi samnings kr. 2.962.705 á mánuði. Vegna breyttra aðstæðna sem miða að því að tryggja öryggi er nú óskað eftir að auka vinnustundir til að koma til móts við einstaklinginn.

Stjórn Bergrisans samþykkir samhljóða að veita sveitarfélaginu Árborg heimild til að mæta öryggisráðstöfunum þar til niðurstaða er komin í nýtt SIS mat.

1.b. Nýtt úrræði í Birkihólum - Minnisblað

Kynnt er fyrirhugað úrræði fyrir börn í Birkihólum. Helstu forsendur rekstrar lagðar fram til samþykktar hjá stjórn Bergrisans.

Stjórn Bergrisans samþykkir nýtt úrræði fyrir börn í Birkihólum.

1.c. NPA samningur – 105890

Sveitarfélagið Ölfus sækir um NPA samning fyrir hönd einstaklings með auðkennið 105890. Viðkomandi er með SIS mat 11. Sótt er um 200 klukkustundir í þjónustu á mánuði.

Heildarkostnaður við samninginn verða kr. 1.623.400 á mánuði eða 19.480.800 á ári.

Stjórn staðfestir niðurstöðu þjónusturáðs og samþykkir beiðnina með fyrirvara um 25% framlag ríkisins.

1.d. Beiðni um stoðþjónustu - 105344

Óskað er eftir 60 klukkustundum í stoðþjónustu á mánuði fyrir einstakling í SIS flokki 11.

Þjónustan er ætluð til að mæta breyttum aðstæðum í lífi barnsins en hann getur nú ekki nýtt sér frístundarúrræði líkt og hefur verið. Að auki á hann erfitt með að nýta úrræði eins og skammtímadvöl sökum fjarlægðar frá heimili.

Kostnaður við stoðþjónustu verða 413.940 kr. á mánuði eða 4.967.280 á ári.

Stjórn staðfestir niðurstöðu þjónusturáðs og samþykkir beiðnina.

Stjórn staðfestir fundargerð þjónusturáðs að öðru leyti.

2. Skaftholt

Farið var yfir stöðu mála í Skaftholti. Stjórn Bergrisans telur mikilvægt að fá niðurstöðu í ýmis mál milli Bergrisans og Skaftholts og er starfsfólki Bergrisans falið að hafa samband við stjórn Skaftholts.

3. Fullnaðarafgreiðsluheimildir Bergrisans

Skrifstofustjóri fór yfir stöðu mála er varðar fullnaðarafgreiðsluheimildir, en þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. 3. gr. samþykktu Bergrisans bs. um umboð byggðasamlagsins til að taka fullnaðarákvarðanir er mikilvægt að sveitarfélög veiti Bergrisanum formlega afgreiðsluheimild í gegnum sínar eigin samþykktir.

Ljóst er afgreiðsluheimildir fyrir Bergrisann eru aðeins mismunandi milli aðildarsveitarfélaga Bergrisans, og sum sveitarfélög hafa jafnvel enga heimild til staðar, og hvetur stjórn Bergrisans aðildarsveitarfélög til að fara í þessa vinnu og felur skrifstofustjóra að senda ítarlegri upplýsingar um málið til sveitarfélaga.

4. Þjónustusamningur við Brák og Árborg um Nauthaga 2

Þjónustusamningur við Brák og Árborg um Nauthaga 2 var lagður fram til samþykktar. Um er að ræða þríhliða samkomulag um rekstur Nauthaga 2 við sölu Nauthaga frá Arnardrangi yfir til Brákar.

Stjórn samþykkir samninginn f.h. Bergrisans og felur stjórnarformanni að ganga frá undirritun samningsins.

5. Önnur mál


Öll sveitarfélög hafa samþykkt breytingar á samþykktum Bergrisans í tveimur umræðum og hafa breyttar samþykktir verið birtar í stjórnartíðindum:

<https://www.stjornartidindi.is/Advert.aspx?RecordID=d18ea4bb-80e8-4dc6-92ee-a7a4a027e8a4>

Fundi slitið klukkan 14:20.


Undirritunarsíða

Ása Valdís Árnadóttir




Undirritað af:
Ása Valdís Árnadóttir
3004825119
Dags: 24.06.2025
Tími: 13:34:59
Ástæða: Samþykkt
Signet ID: cd8768ee-
c438-462c-a97a-
bef26df573fe

Elliði Vignisson




Undirritað af:
Elliði Vignisson
2804695649
Dags: 26.06.2025
Tími: 10:26:00
Ástæða: Samþykkt
Signet ID: cd8768ee-
c438-462c-a97a-
bef26df573fe

Sandra Sigurðardóttir




Undirritað af:
Sandra Sigurðardóttir
0602834949
Dags: 24.06.2025
Tími: 10:55:16
Ástæða: Samþykkt
Signet ID: cd8768ee-
c438-462c-a97a-
bef26df573fe

Bragi Bjarnason



Undirritað af:
Bragi Bjarnason
2504815359
Dags: 24.06.2025
Tími: 11:02:15
Ástæða: Samþykkt
Signet ID: cd8768ee-
c438-462c-a97a-
bef26df573fe

Eggert Valur Guðmundsson



Undirritað af:
Eggert Valur
Guðmundsson
1508633179
Dags: 24.06.2025
Tími: 20:44:31
Ástæða: Samþykkt
Signet ID: cd8768ee-
c438-462c-a97a-
bef26df573fe

24. stjórnarfundur Arnardrangs hses

23.6.2025

Staðsetning: Fjarfundur á Teams.

Fundur hófst klukkan 14:30.

Fundinn sátu: Bragi Bjarnason, Anton Kári Halldórsson og Ása Valdís Árnadóttir.
Frá Bergrisanum mættu Íris Ellertsdóttir og Bjarki R. Kristjánsson.

1. Samningar við Brák vegna sölu Nauthaga 2

Skrifstofustjóri fór yfir bæði kaupsamning og þjónustusamning vegna sölu á Nauthaga 2 yfir til Brákar.

Sveitarfélagið Árborg hefur veitt sitt samþykki fyrir báðum samningum og stjórn Bergrisans hefur sömuleiðis samþykkt þjónustusamninginn (þríhliða samningur milli Bergrisans, Brákar og Árborgar).

Stjórn Arnardrangs samþykkir samhljóða báða samningana og felur skrifstofustjóra að ganga frá samningunum til undirritunar í samráði við Brák.


2. Önnur mál

Skrifstofustjóra er falið að boða næsta fund þegar þörf er á.

Fundi slitið klukkan 14:45


Undirritunarsíða

Anton Kári Halldórsson




Undirritað af:
Anton Kári Halldórsson
0305833539
Dags: 24.06.2025
Tími: 12:46:07
Ástæða: Samþykkt
Signet ID: 1fe53ad0-e899-
4fc6-bee5-5a5131405b1b

Ása Valdís Árnadóttir



Undirritað af:
Ása Valdís Árnadóttir
3004825119
Dags: 24.06.2025
Tími: 13:35:40
Ástæða: Samþykkt
Signet ID: 1fe53ad0-e899-
4fc6-bee5-5a5131405b1b

Bragi Bjarnason



Undirritað af:
Bragi Bjarnason
2504815359
Dags: 24.06.2025
Tími: 18:49:25
Ástæða: Samþykkt
Signet ID: 1fe53ad0-e899-
4fc6-bee5-5a5131405b1b

Fundargerð 82. fundar

stjórnar Samtaka sveitarfélaga á köldum svæðum

Árið 2025, miðvikudaginn 2. júlí kl. 08:00 kom stjórn Samtaka sveitarfélaga á köldum svæðum saman til fundar og fór hann fram í gegnum fjarfundarbúnað.

Fundinn sátu: Íris Róbertsdóttir, Björn Ingimarsson, Kristinn Jónasson, Björg Ágústsdóttir, Katrín Sigurjónsdóttir og Gerður Björk Sveinsdóttir.

Að auki sat fundinn Bryndís Gunnlaugsdóttir lögfræðingur, sem ritaði fundargerð.

Fundargerðin var færð í tölvu.

Þetta var tekið fyrir:

1. Jöfnun raforkukostnaðar - 2506001SK

Gestur fundarins var Árni Páll Árnason stjórnarmaður í Eftirlitsstofnun EFTA (ESA) og var til umræðu jöfnun raforkukostnaðar og möguleikar til jöfnunar án þess að slíkar aðgerðir gætu flokkast undir ríkisaðstoð eða raskað virkri samkeppni á markaði.

Stjórn Samtaka sveitarfélaga á köldum svæðum þakkar Árna Páli Árnasyni kærlega fyrir góðar og hreinskiptar umræður á fundinum.

Fundi var slitið kl. 09:00